

Nafnavísa / Catalogue Poem (2001, 2003)

TTBB

This catalogue poem lists the names of 74 seamen. They were once approached by a young drifter who happened to have a talent for poetry. They each promised him a cake of roe if he could compose a poem including all their names. The young poet managed this with ease and was promptly rewarded by a cake from each and every one of the seamen and was not hungry for a long while.

Nafnavísa (2001, 2003)

TTBB

Textinn í þessu tónverki er fenginn úr *Þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar* X. Bindi, bls. 350.
Þar stendur:

Sjötíu og fjórir vermenn héldu einhverju sinni út til sjávar af Selatöngum nærri Krísvík. Til þeirra kom einu sinni förudrengur hagarður. Þeir gerðu honum vel gott en sögðu svo að þeir skyldu gefa honum sína hrognakökuna hver ef hann færi öll nöfn þeirra í eina vísu. Drengur kvað:

*Tuttugu og þrjá Jóna telja má,
tvo Árna, Þorkel, Svein,
Guðmunda fimm og Þorstein þá,
Þorvald, Gunnlaug, Freystein,
Einara tvo, Ingimund, Rafn,
Eirík, Halldóra þrjá;
Vilhjálmur Gesti verður jafn,
Vernharður Þórði hjá;
Gissura tvo, Gísla Eyjólf,
Grím, Ketil, Stíg, Egil,
Erlenda tvo, Bernharð, Brynjólf,
Björn og Hildibrand til;
Magnúsar tveir og Markús snar,
með þeim Hannes, tveir Sigurðar,
Loftur, Hallvarður, Hálfván senn,
hér sést og Narfi hjá,
Þorgeir og Þormóð þar til enn.
Þessa hér telja má
á Selatöngum sjóróðrarmenn;
sjálfur guð annist þá.*

Strákur fékk sína hrognakökuna hjá hverjum þeirra og var eigi svangur fyrst lengi á eftir.